

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995.

### 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ökutæki sem fellur undir ákvæði reglna samkvæmt reglugerð þessari og er eingöngu í innanlandsflutningum skal svo fljótt sem unnt er, þó ekki síðar en 15. nóvember 1995, búið ökurita samkvæmt reglum þessum. Þó er nægilegt að ökuriti sem notaður er sem gjaldmælir fyrir þungaskatt fái viðurkenningu fyrir reglur um aksturs- og hvíldartíma fyrir 15. janúar 1996. Þar til ökutæki sem ákvæði þetta nær til hefur verið búið ökurita samkvæmt reglum þessum skal ökumaður skrá aksturs- og hvíldartíma í akstursbók sem ávallt skal vera í ökutækinu. Ráðuneytið getur kveðið nánar á um hvenær ökutækið skuli búið ökurita eftir því hvar á landinu það er notað.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1995.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

---

*Högni S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

um starfstíma grunnskóla.

### 1. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skólaárið 1995-96 skal vera níu mánuðir og hefjast 1. september en ljúka 31. maí.

### 2. gr.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri, í umboði menntamálaráðuneytisins, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. Skólanefnd leggur þá fram við fræðslustjóra rökkstudda beiðni um undanþágu frá níu mánaða starfstíma. Fræðslustjóri tilkynnir menntamálaráðuneytinu um slíkar undanþágur.

### 3. gr.

Skólar sem hafa fengið undanþágu frá níu mánaða starfstíma sbr. 2. gr. skulu gera fræðslustjóra sérstaka grein fyrir því hvernig þeim dögum sem á vantar níu mánaða starfstíma, verður ráðstafað í þágu skólans.

## 4. gr.

Menntamálaráðuneytið skal eigi síðar en 15. mars 1996, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, gefa út skóladagatal til leiðbeiningar fyrir skólaárið 1996-97 þar sem fram koma starfsdagar grunnskóla og fastir leyfis dagar skv. 28. gr. laga nr. 66/1995.

## 5. gr.

Starfstími grunnskólanemenda skal vera 170 skóladagar á skólaári.

Á starfstíma nemenda fer fram kennsla og annað skólastarf samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá og stundaskrá skólans.

Skóladagar teljast kennsludagar, prófdagar skv. 6. gr., skólaskemmtanir og sýningar á skólatíma með almennri þátttöku nemenda, vettvangsferðir, dvöl í skólabúðum, skíðaferðir, skólaferðalög, starfsfræðsla, landgræðslustörf og önnur skipuleg kennsla utan skólans samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla enda njóti aðrir nemendur skólans fullrar kennslu samkvæmt stundaskrá.

## 6. gr.

Heimilt er að verja skóladögum sérstaklega til formlegra prófa eða annars námsmats í heilum árgöngum sem hér segir:

Í 1.-3. bekk. Mest tvo daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 4. bekk. Mest þrjú daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 5., 6. og 7. bekk. Mest fjóra daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 8.-10. bekk. Mest tíu daga á skólaári í hverjum bekk.

Samræmd lokapróf í 10. bekk eru meðtalin.

Ef ekki eru teknir heilir dagar til formlegra prófa, jafngilda 6 stundir, sem kennsla fellur niður vegna prófa, einum skóladegi.

## 7. gr.

Fræðslustjóri getur heimilað skerðingu á starfstíma nemenda að hámarki tveimur skóladögum á skólaárinu vegna námskeiða og fræðslufunda kennara.

## 8. gr.

Fastir leyfis dagar nemenda eru dagar samkvæmt 28. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, aðrir helgidagar þjóðkirkjunnar og almennir lögboðnir frídagar.

## 9. gr.

Auk 170 skóladaga nemenda skulu á tímabilinu 1. september 1995 til 31. maí 1996 vera fimm bundnir vinnudagar kennara (45,77 klst. miðað við fullt starf). Þeir eru 1. desember, öskudagur og þriðjudagur eftir hvítasunnu svo og tveir dagar samkvæmt ákvörðun skólustjóra í samráði við kennara. Auk þess skulu vera sex bundnir vinnudagar kennara í ágúst og/eða júní.

## 10. gr.

Skólustjóri skal árlega í samráði við kennara gera áætlun um skólastarfið á komandi skólaári þar sem fram kemur upphafs- og lokadagur skólahalds, fjöldi kennsludaga og prófdaga svo og ráðstöfun þeirra daga sem varið er til annarra starfa en kennslu sbr. 7. gr.

Áætlunin skal kynnt starfsmönnum skólans og foreldraráði og send fræðslustjóra til samþykktar.

Afrit af stundaskrá nemenda skulu send fræðslustjóra fyrir 15. september 1995.

## 11. gr.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins í viðmiðunarstundaskrá.

## 12. gr.

Óheimilt er að skerða starfstíma nemenda umfram það sem reglugerð þessi tilgreinir nema óviðráðanlegar ástæður komi til s.s. óveður.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga nr. 49/1991 sbr. 57. gr. laga nr. 66/1995 og öðlast hún þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um starfstíma grunnskóla nr. 132/1992 og reglugerð um leyfi í skólum nr. 80/1976 að því er varðar grunnskólastig.

*Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1995.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Snæfellsbæ 1995.

## 1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 9.000 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. september og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. október 1995.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

## 2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar er kr. 4.000.

## 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1995.

*Umhverfisstjórnuneytið, 30. ágúst 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*